

**Fundarstjórn**

- Byrjað á því að kjósa Valdimar Svavarsson sem fundarstjóra og Aðalbjörgu Óladóttur sem ritara.

**Skýrsla stjórnar**

- Pálmar Sigurðsson formaður foreldrafélagsins kynnti skýrslu stjórnar sem er samantekt frá fundum 13.sep. 2010 til 5.sep.2011. Helstu atriði eru þessi:
  - Námskeðin voru haldin fyrir foreldra fyrstu bekkja og 8 bekkja, haldinn var bekkjafulltrúafundur, jólaföndur, páskabingó og fleira.
  - Foreldrafélagið gaf Setrinu 3 nýlegar tölvur og 3 flatskjái með þeim.
  - Hugmynd um að vera með vorhátíð og hreynsunardag í vor og óskaði Pálmar eftir hugmyndum um hvað væri hægt að gera þar.
  - Einnig kom fram að foreldrafélagið gaf skólanum 200.000 kr gjöf sem var eyrnamerkt tækjabúnaði svo sem mikrafónum og hátölurum, fljótlega verður fjárfest í þessum græjum.
  - Aðeins rætt að þáttaka í foreldrarölti virðist aðeins hafa dalað og ýtt á að við náum þessu upp í fyrri hæðir.
  - Innheimta árgjalda gekk ágætlega 1.000 kr per heimili sem gaf af sér 267.000 kr.

**Skýrsla fulltrúa foreldra í skólaráði**

- Vilhjálmur Kári Haraldsson kynnti skýrslu fulltrúa í skólaráði
  - Fór yfir hvað skólaráð er. Að samkv. 8gr laga nr 91 frá 2008 skal starfa skólaráð við gurnnskóla. Skólaráð Setbergsskóla var stonað í febrúar 2009.
  - Skólaráð skal skipað af 2 kennurum, 1 starfsmanni skóla, 2 foreldrum, 2 nemendum og 1 úr grendinni. Fullrúrar foreldra eru Vilhjálmur K´rai Haraldsson og Mjöll Flosadóttir.
  - Fór yfir hvað hefur verið rætt í skólaráði á 7 fundum sem hafa verið á árinu.
  - t.d. hefur verið rætt að standa vörð um list og verkgreina kennslu í niðurskurði. Fjölbreytt námsmat í eldri deildum. Vinna markvist með niðurstöður samræmdra prófa. Málefni heilsdagsskóla. Hugmynd um að vera með könnun meðal foreldra varðandi skipulag á vetrarfríi o.fl. o.fl.
  - Að lokum hvatti hann foreldra til að hafa samband við skólaráð ef eitthvað brennur á þeim.

**Lagabreytingar**

- Engar

### Ársreikningur

- Jóna Björg Björgvinsdóttir gjaldkeri kynnti ársreikning.

Tekjur voru 431.125 kr, Gjöld 270.054, afgangur með vaxtatekjum 167.856 kr  
Eigið fé 574.650 þar af á eftir að draga frá 200.000 kr gjöf til skólans.  
Einar Ólafsson er endurskoðand félagsins

### Samþykktir

- Báðar skýrslur og ársreikningur borið upp til samþykktar og samþykkt samhljóða.

### Kosning í stjórn

- Tillögur:  
Formaður Pálmar Sigurðsson  
Gjaldkeri Jóna Björg Björgvinsdóttir  
Ritari Aðalbjörg Óladóttir  
Meðstjórnandi Dagný Sverrisdóttir  
Meðstjórnandi Anna Tómasdóttir
- Óskað eftir einni tillögu í viðbót fyrir meðstjórnanda.
- Stungið er uppá Rósu Pétursdóttur og samþykkt.
- Tillagan var samþykkt samhljóma
- Fulltrúar skólans í foreldrafélaginu eru :  
Anna María Gunnarsdóttir og Harpa Vigfúsdóttir .
- Hrönn aðstoðarskólastjóri er fulltrúi skólastjórnenda í stjórn foreldrafélagsins.

### Kosning fulltrúa í skólaráð

Vilhjálmur og Mjöll endurkjörin til áframhaldandi setu, fulltrúi grendarsamfélagsins verður Pálmar Sigurðsson formaður foreldrafélagsins.

- Önnur mál -

María skólastjóri tekur undir það að skólaráð og skóli geri könnun um hver hugur foreldra er á skipulagi vetrarfrís.

Formlegum fundi lokið - boðið uppá fyrirlestur um hamingju í núinu

